

Föstudaginn 20. desember 1957.

Nr. 1/1957. **Meistarafélag prentsmyndasmíða og  
Prentmyndasmíðafélag Íslands**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Rafmyndum h/f**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

**Dómarar samkv. 3. mgr. 39. gr.  
laga nr. 80/1938, sbr. l. nr.  
70/1954, Eggert Þorsteinsson og  
Björn Sveinbjörnsson í stað Ein-  
ars B. Guðmundssonar og Ragn-  
ars Ólafssonar.**

Úrskurður um öflun gagna.

### Úrskurður.

Áður en mál þetta verður dæmt, þykir með vísun til 56. gr. laga nr. 80/1938 rétt, að málsaðiljar afli álitis tveggja dómkvaddra sérfróðra manna um eftirtalin atriði:

1. Hvort hægt sé, með eða án breytinga, að gera myndamót úr málmi með Klichegrafvél þeirri, eign Rafmynda h.f., sem um ræðir í máli þessu. Og sé það hægt, að láta þá jafnframt í té álit á því, hvort hægt mundi að umbæta slíkt málmmyndamót eftir að Klichegrafvélin hefur skilað því fullunnu frá sér.

2. Hvort hægt sé, að umbæta plastmyndamót þau, sem vélin framleiðir, eftir að hún hefur skilað þeim fullbúnum frá sinni hendi og hreinsun sú, sem lýst er í vottorði Geirs Herbertssonar, rjsh. 5, hefur verið framkvæmd.

Loks skal afla álitserðar þessara sömu manna um það, hvort gæði myndamóta þeirra (í plast eða málmi), sem nefnd myndavél framleiðir, munj að einhverju leyti geta verið undir því komin, hvort það er maður með sveins eða meistaraprófi í prentljósmynda- eða prentmyndasmíði, sem stýrir myndamótaframleiðslu Klichegrafvélarinnar, eða það er ófaglærður maður í nefndum iðnaðargreinum, sem framkvæmir verkið.

Pá er rétt, að aðiljar afli annarra þeirra gagna, sem nefnd framhaldsgagnasöfnun kann að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Rétt er að aflað sé framangreindra gagna.

Miðvikudaginn 24. september 1958.

Nr. 1/1957. **Meistarafélag prentmyndasmiða og  
Prentmyndasmiðafélag Íslands**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Rafmyndum h/f**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

**Dómarar samkv. 3. mgr. 39. gr.  
laga nr. 80/1938, sbr. l. nr.  
70/1954, Eggert Þorsteinsson og  
Björn Sveinbjörnsson í stað Ein-  
ars B. Guðmundssonar og Ragn-  
ars Ólafssonar.**

Prentmyndasmiði. Starfræksla Klichégrafvélar ekki talin falla undir iðngreinina prentmyndasmiði.

### **Dómur.**

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., hafa Meistarafélag Prentmyndasmiða og Prentmyndasmiðafélag Íslands, bæði hér í bæ, höfðaði fyrir Félagsdómi með stefnu útgefni 20. júní 1957 gegn h/f Rafmyndum, hér í bænum.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1954 keypti stefndi svo-nefnda Klichégrafvél af gerðinni K-150 til gerðar prent-myndamóta. Hefur stefndi starfrækt vél þessa síðan og fram-leitt prentmyndamót, aðallega til afnota fyrir dagblaðið Tímenn, en einnig nokkuð fyrir aðra aðilja. Er vélin hefur verið í notkun hafa starfað við hana prentari eða stúlka, ekki alltaf hin sama, og stundum jafnvel einhver ihlaupa-maður.